

## Gagngóðar upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fyrir fjölmiðla og áhugafólk.

Meginmarkmið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að vinna að almannaheill. Öryggi neytenda er ávallt í fyrirrúmi en einn liður í því er að fara í reglubundið eftirlit hjá matvælafyrirtækjum, hollustuháttafyrirtækjum og fyrirtækjum með mengandi starfsemi auk þess að vakta nærumhverfið. Hér eru nokkrir punktar sem gott er að hafa í huga þegar fjallað er um Heilbrigðiseftirlitið.

- **Eftirlit:** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur matvælaeftirlit með þeim matvælafyrirtækjum í Reykjavík sem Matvælastofnun er **ekki** falið eftirlit með samkvæmt matvælalögum. Eftirlitið felst í að sannreyna að matvælafyrirtæki fari að ákvæðum matvælalaga, eftir löggjöf um mengunarvarnir og hollustuhætti og eftir þeim reglugerðum sem um starfsemina gilda. Heilbrigðiseftirlitið fer í reglubundið eftirlit meðal annars í matvælafyrirtæki en þá er tíðni eftirlits ákvörðuð út frá áhættumati. Í kjölfar reglubundins eftirlits ákveður heilbrigðisfulltrúi hvort niðurstöður eftirlitsins kalli á sérstaka eftirfylgniferð eða aðra eftirfylgni eftir því sem tilefni er til.
- **Ábyrgð:** Fyrirtækin bera sjálf ábyrgð á sinni starfsemi og að hún sé í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um starfsemina á hverjum tíma. Það er starfsleyfisskilyrði að starfrækja innra eftirlit með það að markmiði að tryggja öryggi og heilnæmi.
- **Birgjar:** Matvælafyrirtæki bera ábyrgð á að skipta eingöngu við fyrirtæki með starfsleyfi og gera kröfur og mat á sína birgja. Það geta þau gert með því að skoða niðurstöður reglubundins eftirlits og óska eftir eftirlitsskýrslum eða fara í heimsókn til birgja og fá kynningu á starfsemi þeirra. Sama á við ef fyrirtæki taka annan rekstraraðila inn á sína starfsstöð eða ætla í samvinnu með öðru fyrirtæki, þá þarf einnig að vera ljóst hver ber ábyrgð gagnvart neytendum.
- **Forgangsröðun:** Niðurstöðum eftirlits er forgangsraðað eftir alvarleika og ráða þær viðbrögðum heilbrigðisfulltrúa. Ef matvælaöryggi er ógnað er strax brugðist við, til dæmis með förgun matvæla, innköllun á matvælum, stöðvun starfsemi að hluta eða öllu leyti eða takmörkun á starfsemi. Ef fjöldi frávik í eftirliti er mikill getur það kallað á sérstök viðbrögð, til dæmis takmörkun starfsemi.
- **Aðgengi:** Að eftirliti loknu eru gerðar eftirlitsskýrslur sem sendar eru á starfsleyfishafa. Eftirlitsskýrslur eru opinber gögn sem eru öllum aðgengilegar sem eftir þeim óska. Árið 2018 byrjaði HER að birta niðurstöður úr reglubundnu eftirliti á einfaldan hátt fyrir neytendur á heimasíðu sinni. Niðurstöður eru birtar að loknum andmælafresti og er þeim miðlað með tákmyndum, litum, tölum og texta; reynt er að hafa framsetninguna skýra og

auðskiljanlega. Hver og einn getur óskað eftir heildarskýrslu með því að senda beiðni þar um.

- **Birtingar:** Birtar eru niðurstöður fyrir þrjá þætti eftirlits eftir sem við á, hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli. Meginstarfsemi fyrirtækis er sá þáttur sem ræður hvernig heildarútkoman verður. Þau fyrirtæki sem eru eftirlitsskyld hjá Heilbrigðiseftirlitinu og háð reglubundnu eftirlit eru metin samkvæmt þessu kerfi. Niðurstöður úr reglubundnu eftirliti eru birtar.
- **Niðurstöður:** Ef birtar niðurstöður fyrir reglubundið eftirlit eru 0, 1, 2 og samsvarandi táknmyndir þá hafa komið í ljós í eftirlitinu alvarleg frávík og fyrirtækið eða Heilbrigðiseftirlitið hefur gripið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja matvælaöryggi. Fyrirtækið getur ekki starfað áfram fyrr en gerðar hafa verið brýnustu úrbætur í samráði við eftirlitið.
- **Aðgerðir:** Fyrirtækin bera alltaf ábyrgð á sinni starfsemi en heilbrigðiseftirliti er skylt að grípa til aðgerða vakni grunur um að öryggi fólks sé ógnað. Eins og áður hefur komið fram getur Heilbrigðiseftirlitið þurft að grípa til þess að takmarka starfsemi, farga vörum eða stöðva starfsemi í heild en valin er sú leið sem líklegust þykir til að ná fram fullnægjandi úrbótum á sama tíma og öryggi neytenda er tryggt.

- 😊 **5** Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 🙂 **4** Fáein frávík / ábendingar
- 😐 **3** Frávík / ábendingar
- 😞 **2** Aðkallandi frávík / ábendingar
- 😡 **1** Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- ⊗ **0** Starfsemi stöðvuð

Kerfið sem sýnir niðurstöður.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur